



Til bæjarráðs

Kópavogi, 10. júlí 2024
24071143/505.02 BR

Efni: Vetrarþjónusta á göngu- og hjólaleiðum 2024-2027

Vetrarþjónusta á göngu- og hjólaleiðum fyrir tímabilið 2024 til 2027 með heimild til framlengingar um tvisvar sinnum eitt ár verður auglýst til útboðs á næstu vikum.

Þjónustan verður boðin út svæðaskipt og verður verktökum gefinn kostur á að bjóða í eitt eða fleiri svæði. Svæðin eru eftirfarandi:

- Stofnstígar hjólreiða
- Kársnes
- Digranes
- Smára-, Linda- og Salahverfi
- Kóra-, Þinga- og Hvarfahverfi

Núverandi samningur til þriggja ára frá 2019 auk framlenginga rann út 1. maí síðastliðinn og því nauðsynlegt að bjóða út verkið að nýju. Fyrirkomulag vetrarþjónustunnar verður óbreytt í hinum nýja samningi þar sem almenn ánægja hefur verið með gæði vetrarþjónustunnar í Kópavogi síðustu ár.

Verkið verður boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

